



Borgarráð

Skýrsla um störf stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun kjörtímabilið 2018-2022

Á fundi stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun þann 12. apríl sl. var lögð fram og samþykkt skýrsla um störf stýrihópsins á kjörtímabilinu.

Skv. 9. gr. reglna Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa skal leggja skýrsluna fram í borgarráði.

Meðfylgjandi er skýrsla um störf stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun kjörtímabilið 2018-2022 sem óskað er eftir að verði tekin til afgreiðslu á næsta fundi borgarráðs þann 28. apríl n.k.

Virðingarfyllt,
Sigríður Finnbogadóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Afrit:

Líf Magneudóttir, formaður stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun

Hjálagt:

Skýrsla um störf stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun kjörtímabilið 2018-2022

Skýrsla um störf stýrihóps kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

Kjörtímabilið 2018-2022

Sigríður Finnbogadóttir

REYKJAVÍKURBORG | MANNRÉTTINDA- OG LÝÐRÆÐISSKRIFSTOFA



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Stýrhópurinn.....	3
Framtíðarsýn, meginmarkmið og áherslur	3
Verkefni stýrihóps	4
Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2020.....	4
Nýtt skipulag KFS	4
Styrkjaverkefni.....	5
Samstarfssamningur við Háskóla Íslands.....	5
Tilraunaverkefni um KFS í grunnskólum.....	6
Jafnréttismat á fyrstu aðgerðum til viðspyrnu vegna Covid	6
Jafnréttismat á loftlagsáætlun	7
Starfshópur um jafnréttisskimanir og jafnréttismat	7
Snjöll og jöfn.....	9
Fundir með KFS starfshópum	9
Greining þjónustubátta	9
Á döfinni	11
Viðauki 1. Gátlisti.....	12
Viðauki 2. Erindisbréf	15

Myndaskrá

Mynd 1. Tímalína innleiðingar KFS 2011-2021.....	1
Mynd 2. Árlegir viðburðir í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg. ...	2
Mynd 3. Nýtt skipulag KFS 2019.....	5
Mynd 4. Greining þjónustupáttanna sem hlutfall af heildar fjármagni sviða skv. fjárhagsáætlunum 2017-2021.....	10


Töfluskrá

Tafla 1. Yfirlit yfir tillögur starfshóps.....	8
--	---

Inngangur


Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg (KFS) hófst árið 2011 með það að leiðarljósi að samþætta þekkingu á jafnréttismálum við gerð fjárhags- og starfsáætlana hjá borginni. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (nú lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og lög um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020), mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum. Innleiðingin er jafnframt liður í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og lýðræðismálum. Stefnt er að betri og réttlátari nýtingu fjármuna með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa.

Margt hefur áunnist á þeim árum sem innleiðingin hefur staðið, m.a. hafa verið unnar greiningar á þjónustu allra fagsviða borgarinnar með aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunar, breytingar hafa verið gerðar á reglum um gerð fjárhagsáætlun og reglum um styrkjaúthlutun Reykjavíkurborgar til þess að stuðla enn betur að auknu jafnrétti við áætlun fjármagns. Á mynd 1 má sjá tímalínu með helstu atburðum í KFS innleiðingunni.



Mynd 1. Tímalína innleiðingar KFS 2011-2021.

Mörg skref hafa verið stigin í innleiðingarferlinu, frá upphafi verkefnisins til dagsins í dag. Unnið hefur verið að því að byggja upp ákveðna þekkingu og menningu sem styður við markmið um jafnrétti og mannréttindi innan borgarinnar. Unnið hefur verið að því að samþætta ferli KFS við annað starf borgarinnar og endurskipuleggja fjárhagsáætlunarferlið og aðra verkferla með hliðsjón af KFS. Það er mikilvægt að viðhalda þekkingu og í því samhengi er fræðsla mikilvægur hlekkur í keðjunni. Einnig er mikilvægt að endurmeta reglulega verklagið í tengslum við KFS. Nú er unnið að KFS reglulega yfir árið og á öllum stigum fjárhagsáætlunargerðarinnar eins og sjá má á mynd 2.



Mynd 2. Árlegir viðburðir í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Stýrhópurinn

Stýrihópur um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg ber ábyrgð á að skilgreina hvert beri að stefna í innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá fag- og kjarnasviðum, ásamt miðlægum skrifstofum og stofnunum Reykjavíkurborgar. Einnig ber hann ábyrgð á að setja fram hugmyndir um aðferðafræði til að nýta við innleiðinguna og að fylgja innleiðingunni eftir. Stýrihópur leggur fram tíma- og verkáætlun KFS samhliða tíma- og verkáætlun um gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Borgarráð skipar í stýrihópinn sem í eiga sæti þrjú fulltrúar, tveir frá meirihluta og einn frá minnihluta.

Samþykkt var á fundi borgarráðs þann 6. September 2018 að Líf Magneudóttir, Magnús Már Guðmundsson og Örn Þórðarson tækju sæti í stýrihópnum. Þann 24. janúar 2019 vék síðan Magnús Már Guðmundsson úr stýrihópnum og Heiða Björg Hilmisdóttir tók sæti í hans stað.

Stýrihópurinn fundaði alls 29 sinnum á kjörtímabilinu. Árið 2018 voru fimm fundir, árið 2019 voru tíu fundir, árið 2020 voru fimm fundir, árið 2021 voru átta fundir og á þessu ári er gert ráð fyrir að stýrihópurinn nái að funda einu sinni fyrir lok kjörtímabils.

Framtíðarsýn, meginmarkmið og áherslur

Stýrihópurinn setur framtíðarsýn, meginmarkmið og áherslur fyrir kynjaða fjárhags- og starfsáætlun hjá borginni.

Framtíðarsýnin byggist á því að Reykjavíkurborg sé samfélag fyrir alla íbúa hennar. Tekjuöflun og þjónusta á öllum sviðum borgarinnar sé í samræmi við mannréttinda- og fjármálastefnu Reykjavíkurborgar. Sama gildir um fjárfestingar og uppbyggingu innviða borgarinnar.

Markmið skulu ávallt sett í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Stýrihópurinn hefur sett sér að vinna eftir ákveðnum meginmarkmiðum sem eru:

1. Jafnrétti til menntunar.
2. Jafnt aðgengi að tækifærum til tólstunda.
3. Velferðaþjónusta taki mið af og sé sniðin að ólíkum þörfum íbúa.
4. Menningarstarfsemi taki mið af og sé sniðin að ólíkum þörfum íbúa.
5. Jöfn tækifæri á sviði lýðheilsu.
6. Skipulag, samgöngur og uppbygging innviða taki mið af ólíkum þörfum íbúa.

Í upphafi kjörtímabils setti stýrihópurinn eftirfarandi forgangs áherslur í störfum sínum:

- Hefja þegar undirbúning tillagna til aðgerða á grundvelli fyrirbyggjandi greininga.
- Forgangsraða greiningum á stórum þjónustubáttum.
- Forgangsraða greiningu og aðgerðum á þeim sviðum þar sem við vitum að hætta sé á mismunun.
- Beita sér gegn margþættri mismunun með því að hafa til hliðsjónar við jafnréttisstarf hagsmuni allra þá hópa sem mannréttindastefna Reykjavíkurborgar kveður á um.
- Auka kerfisbundna söfnun og aðgengi að kyngreindum tölfræðigögnum.

Verkefni stýrihóps

Í þessum kafla verður farið yfir helstu verkefni sem stýrihópurinn beitti sér fyrir á kjörtímabilinu.

Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2020

Í janúar 2019 voru tillögur stýrihóps vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024 samþykktar í borgarráði¹.

Stýrihópurinn lagði til að:


1. Borgarráð feli sviðsstjórum að framkvæma tímanlega jafnréttisskimanir og eftir atvikum jafnréttismat á öllum tillögum fagsviða vegna rekstrar eða fjárfestinga sem fela í sér ný verkefni eða miklar breytingar á verkefnum, sbr. ákvæði 1. gr. í reglum um gerð fjárhagsáætlunar.
2. Borgarráð feli sviðsstjórum að vinna að greiningu helstu þjónustupátta með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar og geri stýrihóp grein fyrir því hvernig þau hyggjast standa að málinu að minnsta kosti tveim vikum áður en sviðsstjórar kynna fyrir fagráðum áætlun sviðsins um greiningar, framkvæmd og eftirlit kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar, sbr. tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar 2020-2024. Stýrihópur leggur áherslu á:
 - a. að SFS setji upp tilraunaverkefni með nokkrum grunnskólum annarsvegar og nokkrum leikskólum hinsvegar til þess að þróa aðferðafræði kynjaðra fjárhags- og starfsáætlunar í þessum mikilvægu stofnunum með það fyrir augum að yfirfæra aðferðafræðina á alla grunnskóla og leikskóla sem ekki taka þátt í tilraunaverkefninu.
 - b. að VEL fari yfir eldri greiningar á þjónustupáttum með það að markmiði að rýna hvort breytingar hafi orðið og tilefni sé til aðgerða af þeim sökum.
 - c. að MOF leggi áherslu á eftirfylgni með samningum og styrkjum sviðsins og sérstaka áherslu á málefni innflytjenda og lágtekjuhópa í sínum greiningum.
 - d. að ÍTR leggi áherslu á eftirfylgni með samningum og styrkjum sviðsins og sérstaka áherslu á málefni innflytjenda og lágtekjuhópa í sínum greiningum.
 - e. að USK fylgi eftir áætlunum sínum um greiningar þjónustupátta á grundvelli aðferðafræði kynjaðra fjárhags- og starfsáætlunar.
 - f. að miðlæg stjórnslá leggi áherslu á að greina með aðferðafræði kynjaðra fjárhags- og starfsáætlunar tekjur borgarsjóðs (þ.e. skatta og gjaldskrár), styrki og samninga.
3. Borgarráð feli sviðsstjórum að rýna fyrirbyggjandi greiningar með aðferðafræði kynjaðra fjárhags- og starfsáætlunar og nýti þær við undirbúning tillagna um ráðstöfun fjármuna.

Nýtt skipulag KFS

Í október 2019 samþykkti borgarráð tillögu stýrihópsins um breytingu á skipulagi KFS². Með tillögunni er sóst eftir því að samræma enn frekar vinnu við kynjaða fjárhags- og starfsáætlun hjá borginni. Helstu breytingarnar voru þær að ábyrgð á KFS var færð ótímabundið til sviðsstjóra og settir voru á fót starfshópar um KFS á fag- og kjarnasviðum. Hlutverk starfshópanna er að leiða og styðja við vinnu KFS á sínu sviði. Það felur m.a. í sér að leiða greiningarstarf sviðanna og gæta þess að brugðist sé við niðurstöðum greininga ásamt því að sjá til þess að jafnréttisskimanir séu gerðar.

¹ https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/18_kynjud.pdf

² https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/27_kynjud_fjarhags-og_starfsaaetlunargerdd_-.pdf



Mynd 3. Nýtt skipulag KFS 2019³.

Styrkjaverkefni

Stýrihópurinn beitti sér fyrir að styrkir borgarinnar væru rýndir út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og að styrkjaumhverfi borgarinnar yrði endurskoðað til að betri yfirsýn næist yfir nýtingu fjármagns sem veitt er í styrki. Erindi frá stýrihópnum var sent á sviðsstjóra VEL, ÍTR, MOF, SFS, USK og MAR í september 2020 þar sem kallað var eftir kyngreindum upplýsingum um styrkúthutanir sviðsins síðustu tvö ár.

Nemandi í áfanganum Hagnýting jafnréttisfræða við Háskóla Íslands vann greiningu á styrkjunum með hliðsjón af kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Greindir voru styrkir úr borgarsjóði frá árunum 2019 og 2020 frá fimm sviðum: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, Menningar- og ferðamálasviði, Íþrótt- og tómstundasviði, Velferðarsviði og Skóla- og frístundasviði. Sviðin fimm úthlutuðu í heildina 155 styrkjum árið 2020, sem samtals voru 87.304.040 kr. og 129 árið 2019 sem voru 88.985.000 kr. Að meðaltali fyrir bæði árin voru 47% konur skráðar fyrir styrk, 16% karlar og 37% styrkþega voru ókyngreindir og skráðir sem félög eða samtök. Að meðaltali fyrir bæði árin voru 5,7% styrkþega af erlendum uppruna, en árið 2019 var hlutfall innflytjenda 18,6% í Reykjavík.

Höfundur verkefnisins lagði fram tillögur til úrbóta annarsvegar að því hvernig megi enn fremur líta til kynja- og jafnréttissjónarmiða í styrkjaúthlutun og hinsvegar að gaganasöfnun í gegnum umsóknarvef. Tillögurnar voru sendar áfram á sérfræðing á FÁST, þar sem unnið er að nýjum umsóknarvef styrkja í samræmi við tillögur starfshóps um aukið gagnsæi styrkjaúthlutana⁴.

Samstarfssamningur við Háskóla Íslands

Á fundi stýrihópsins í janúar 2021 var endurnýjun á samstarfssamningi við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands til ársins 2024 samþykkt. Samningurinn er um áframhaldandi samstarfs vegna nemendaverkefna í áfanganum hagnýting jafnréttisfræða og lokaverkefna sem tengjast kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun. Markmið samningsins er að auka samstarf borgarinnar og HÍ á sviði rannsókna sem tengjast kynjaðari fjárhags- og starfsáætlanagerð. Ávinningur borgarinnar af þessu

³ MOS er ungt svið og ekki hefur verið stofnaður starfshópur þar enn sem komið er.

⁴ https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/33_bref_til_borgarrads_v_skyrslu_starfshops_um_aukid_gagnsaei_styrkjauthlutana_lokaskil_9.6.20_-_asamt_umsognum.pdf

samstarfi er mikill, en nemendur hafa rannsakað gæði stefnu borgarinnar og þeirrar vinnu sem er unnin hjá borginni. Afraksturinn hingað til hefur m.a. verið fjöldi nemendaverkefna úr áfanganum hagnýting jafnréttisfræða ásamt tveimur meistararitgerðum um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá borginni. Annars vegar ritgerð Vöku Antonsdóttur (2017) um innleiðingu á KFS og hins vegar ritgerð Hrefnu Hallgrímsdóttur (2019) um innleiðingu borgarinnar á jafnréttismati á viðaukum við Fjárhagsáætlun borgarinnar. Í maí 2019 kom Hrefna Hallgrímsdóttir á fund stýrihópsins og kynnti niðurstöður meistararitgerðar sinnar.

Sem hluta af samstarfssamningnum fékk stýrihópurinn, í upphafi kjörtímabils, kynningu á kynjuðum fjármálum frá Dr. Finnborgu Salome Steinþórsdóttur, nýdoktors í kynjafræði við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.

Tilraunaverkefni um KFS í grunnskólum

Að frumkvæði Fjármálaskrifstofu (nú Fjármála- og áhættustýringarsvið) Reykjavíkurborgar í samstarfi við Skóla- og frístundasvið var farið af stað með tilrauna verkefni árið 2019 með það að markmiði að þróa aðferðir til þess að innleiða kynjaða fjárhags- og starfsáætlun í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Verkefnið var unnið sem hluti af samstarfssamningi borgarinnar við HÍ. Skóla- og frístundamál eru stærsti útgjaldaliður Reykjavíkurborgar, en á þeim vettvangi eru fjölmörg tækifæri til að stuðla að auknu jafnrétti. Þrjú grunnskólar tóku þátt í verkefninu: Ingunnarskóli, Hólabrekkuskóli og Háteigsskóli. Rannsóknartímabilið var frá júní 2019 til október 2020. Verkefninu lauk í lok árs 2020 með skilum á skýrslu sem innihélt 15 tillögur byggðar á niðurstöðum rannsóknarinnar um hvernig megi innleiða kynjaða fjárhags- og starfsáætlun í starfi grunnskóla Reykjavíkurborgar. Skýrslan liggur nú á borði SFS sem ákveður næstu skref.

Jafnréttismat á fyrstu aðgerðum til viðspyrnu vegna Covid

Á fundi borgarráðs þann 26. mars 2020 var samþykkt tillaga borgarstjóra að fyrstu aðgerðum Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19. Tillögunni fylgdu aðgerðir í 13 liðum. Á fundi borgarráðs þann 31. mars 2020 var samþykkt önnur tillaga um að fram færi jafnréttismat á samþykktum tillögum um viðspyrnu vegna Covid-19. Vegna þess hve fljótt átti að vinna tillögunar til viðspyrnu vegna Covid-19 var samþykkt að ekki yrði unnið jafnréttismat á fyrstu tveim tillögunum sem taka annarsveggar til frestun gjalda, niðurfellingu og lækkunum og hinsveggar sveigjanleika í innheimtu og gjaldfrestun.

Í kjölfar þess að tillagan um jafnréttismat var samþykkt í borgarráði var settur saman hópur á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til þess að halda utan um verkefnið. Þann 27. apríl 2020 sendi formaður stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun bréf til sviðsstjóra varðandi jafnréttismat á Covid-19 aðgerðum ásamt gátlista sem var unninn sérstaklega fyrir jafnréttismat á útfærslu aðgerða Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19. Gátlistinn, sem sneri að jafnréttismálum og stöðu ólíkra hópa, átti að tryggja það að útfærslur á tillögunum hefðu kynja- og jafnréttissjónarmið til hliðsjónar. Notkun gátlistans var ætlað að auðvelda vinnu þeirra sem unnu að framkvæmd tillagnanna. Einnig var bauðst þeim ráðgjöf og stuðningur frá sérfræðingum í jafnréttismálum samhliða gátlistanum. Gátlistann er að finna í viðauka 1. Vinna við jafnréttismatið sjálft hófst í júní 2020 þegar ljóst var hvernig tillögunar voru útfærðar.

Í jafnréttismatinu er að finna umfjöllun um útfærslu á hverri tillögu fyrir sig sem byggir á samtali við ábyrgðaraðila tillagnanna. Tekin eru fyrir jafnréttisáhrif tillagnanna og gerðar athugasemdir eða tillögur um hvað mætti betur fara. Fyrstu aðgerðir Reykjavíkur til viðspyrnu vegna Covid-19 voru að mörgu leyti fjölbreyttar og náðu til margra ólíkra hópa. Margar aðgerðanna voru vel heppnaðar. Helstu niðurstöður eru að af þeim aðgerðum sem matið nær yfir þá fer 64% af fjármagninu í fjárfestingarverkefni. Þau verkefni eru líklegri til að skapa hefðbundin karlastörf. Næst mest fjármagn fór í markvissar vinnumarkaðsaðgerðir eða 22% af heildar fjármagninu.

Jafnréttismat á loftlagsáætlun

Á kjörtímabilinu var unnið jafnréttismat á loftlagsáætlun sem var kynnt á fundi stýrihópsins í janúar 2021. Einnig kemur fram í loftlagsáætluninni að meta eigi aðgerðir í loftlagsmálum út frá kynjasjónarmiðum.

Í jafnréttismatinu⁵ kemur fram að mikilvægt sé að líta til þess að loftslagsbreytingar, og aðgerðir vegna þeirra, hafa líkt og aðrar aðgerðir misjöfn áhrif á mismunandi hópa samfélagsins. Reynslan og rannsóknir sýna að hamfarir af völdum loftslagsbreytinga hafa skaðlegust áhrif á eldra fólk, fátækt fólk og börn. Sé það sett í samhengi við kyn eru konur í meirihluta eldra fólks, fleiri konur glíma við fátækt en karlar auk þess sem konur bera mesta ábyrgð á umönnun barna. Einnig er mikilvægt að taka mið af því að neyslu-, og ferðavenjur kynjanna eru ólíkar og því vert að taka mið af þessum kynbundna mun í markmiðasetningu og árangurmælikvörðum. Með því að líta til kynja- og jafnréttissjónarmiða í aðgerðaráætlun erum við líklegri til þess að ná árangri. Í jafnréttismatinu er leitast við að varpa ljósi á þau kynja- og jafnréttisáhrif sem tengjast loftlagsáætluninni, sem tengjast m.a. kynbundnum neyslu- og ferðavenjum, ólaunaðra heimilis- og umönnunarstarfa, viðhorfi og fræðslu.

Niðurstöður jafnréttismatsins benda til þess að full ástæða sé til að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið til hliðsjónar þegar settar eru fram aðgerðir í loftlagsmálum. Til að stuðla að því að markmið stefnunnar náist er meðvitund um kynjaða vídd samfélagsins mikilvæg í allri áframhaldandi vinnu við að magnsetja, kostnaðarmeta og tímasetja aðgerðir áætlunarinnar. Skilaboðin þurfa að ná til allra hópa samfélagsins og því mikilvægt að huga að því hvernig unnt sé að miða skilaboðin að ákveðnum hópum. Þá er mikilvægt að árangurmælikvarðar séu alltaf kyngreindir þegar hægt er. T.d. þarf að tryggja að upplýsingar um notkun mismunandi samgöngumáta séu alltaf kyngreindar auk annarrar magnupplýsinga um þjónustuþega.

Starfshópur um jafnréttisskimanir og jafnréttismat

Stýrihópurinn samþykkti á fundi sínum þann 22. janúar 2021 að stofnaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að yfirfara og endurskipuleggja verklag og framkvæmd jafnréttisskimanar og jafnréttismats (sjá erindisbréf í viðauka 2). Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 1. mars til 31. maí 2021. Á fundi stýrihóps KFS þann 15. júní 2021 var farið yfir tillögur starfshópsins og ákveðið að gefa fag- og kjarnasviðum borgarinnar tækifæri til að rýna skýrsluna. Þann 23. júní 2021 var sviðsstjórum Reykjavíkurborgar send skýrslan og gefinn kostur á að rýna hana og koma með athugasemdir. Frestur til að skila inn umsögn var til 6. ágúst. Þrjú svið skiluðu inn athugasemdum í tölvupósti til verkefnastýru kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Á fundi borgarráðs þann 20. janúar 2022 var skýrslan og tillögurnar sem þar eru settar fram samþykktar⁶ og unnið er að því að koma þeim í framkvæmd. Tillögurnar má sjá í töflu 1.

⁵ https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-10/rvik_loftslagsaaetlun2021-2025_final.pdf (bls 31-34)

⁶ https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/15a_skil_a_styrslu_starfshops_um_framtidarskipulag_og_framkvæmd_jafnrettisskimanar_og_jafnrettismats.pdf

Tafla 1. Yfirlit yfir tillögur starfshóps.

Nr.	Flokkur	Tillaga	Ábyrgð
1	Rafvæðing jafnréttisskímunar	Eyðublað jafnréttisskímunar verði rafvætt	Verkefnastýra KFS
		Upplýsingar um framkvæmd jafnréttisskímana sniðnar inn í Agresso	Áætlana og uppgjörsskrifstofa FÁST
		Reit bætt í Excel skjal fjárfestingaráætlunar þar sem niðurstaða jafnréttisskímunar er flokkuð svk. ákveðnum valmöguleikum	Eignaskrifstofa FÁST
2	Leiðbeiningar og fræðsla	Uppfærðar leiðbeiningar með jafnréttisskímun og jafnréttismati	Verkefnastýra KFS
		Útbúið verði verkfærakista á Fróða sem starfsfólk getur leitað í	Verkefnastýra KFS
3	Sniðmát fyrir jafnréttismöt	Útbúið verði sniðmát fyrir jafnréttismöt	Verkefnastýra KFS
4	Undanþágulistar	Ákveðin atriði séu undanþegin jafnréttisskímunum	Stýrihópur KFS
5	Eftirlit og endurgjöf	Kveðið sé á um að jafnréttisskímanir eigi að fylgja málum þegar þau fara fyrir borgarráð. Skrifstofa borgarstjórnar sér til þess að verklaginu sé fylgt, með því að kalla eftir skímunum þegar þær fylgja ekki með málum.	Skrifstofa borgarstjórnar
		Eignaskrifstofu FÁST verði falið að útfæra eftirlit með því að jafnréttisskímanir fylgi fjárfestingartillögum sviða, ásamt því að skrifstofan skili árlega gögnum til verkefnastýru KFS	Eignaskrifstofa FÁST
		Áætlana- og uppgjörsskrifstofu á fjármála- og áhættustýringasviði verði falið að útfæra eftirlit með að jafnréttisskímanir fylgi með rýningu á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviða og viðaukum við fjárhagsáætlun, ásamt því að skila árlega gögnum til verkefnastýru KFS.	Áætlana og uppgjörsskrifstofa FÁST
		Verkefnastýra KFS fer árlega yfir allar skímanir og jafnréttismöt og rýnir innihald skímananna frá hverju sviði. Í kjölfarið er svo fundur með hverjum KFS starfshóps þar sem veitt er endurgjöf um hvað er vel gert og hvað mætti gera betur.	Verkefnastýra KFS
6	Ábyrgð og verkaskipting	Starfshópurinn leggur til að skjalfesta ákveðna ábyrgð og verkaskiptingu	Stýrihópur KFS
		Verkefnastýra KFS flytji ótímabundið á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.	Sviðsstjóri FÁST
		Til að styrkja framkvæmd KFS innan skrifstofa ráðhúss er lagt til að skrifstofur ráðhúss sameinist um að stofna starfshóp líkt og er á hverju fag- og kjarnasviði.	Stýrihópur KFS
7	Miðlægt svæði KFS	KFS fái sér svæði inná Fróða þar sem allar leiðbeiningar, eyðublöð, sniðmát, fræðsla, ferlar, ársskýrsla, handbók, upplýsingar um stýrihóp, starfshópa og verkefnastýru og aðgangur að rafvæddum jafnréttisskímunum er á einum stað aðgengilegt fyrir starfsfólk	Verkefnastýra KFS
8	Ferlar	FÁST og verkefnastýra KFS hafi umsjón með og uppfæri reglulega alla ferla í samræmi við breytt KFS verklag	Áætlana og uppgjörsskrifstofa FÁST og verkefnastýra KFS
		Ferill jafnréttisskímana og -mata verði teiknaður upp með skýrum hætti	Verkefnastýra KFS
		Tækifæri eru til að skrifa verkferli og markmið KFS betur inn í reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborgar og fjármálastefnu	Stýrihópur KFS

Snjöll og jöfn

Sótt var um styrk í Nýsköpunarsjóð námsmanna fyrir verkefnið Snjöll og jöfn⁷ sem var unnið sumarið 2021 af Birtu Ósk Tómasdóttur, meistaranema í kynjafræði við Háskóla Íslands, í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkur. Í verkefninu er litið á snjalla ferðamáta (deilihlaupahjól) út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og benda niðurstöður til þess að munur er á kyni og félagslegri stöðu þegar horft er á notendur snjallra ferðamáta.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar á fundi stýrihóps KFS í september 2021 og á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 23. september 2021. Niðurstöður sýna að ungir karlar eru meirihluti þeirra sem nota deilihlaupahjól og konur eru líklegri til þess að telja deilihlaupahjól hættuleg. Þær upplifa öryggi á þeim og upplifa að þau henti ekki þeirra líkamlegu hæfni eða heilsufari. Innflytjendur nota deilihlaupahjól umtalsvert en þeir eru síðri til að nýta sér einkabílinn heldur en infæddir og innflytjendur eru einnig líklegri til þess að nota strætó og fara um fótgangandi.

Niðurstöður leiddu í ljós að núverandi regluverk og verklag í kringum deilihlaupahjól vinnur ekki markvisst að því að allir hafi jafnan aðgang að snjöllum ferðamátum. Verkefnið þykir hafa hagnýtt gildi fyrir Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög. Með niðurstöðum fylgir gátlisti sem inniheldur atriði sem hægt er að hafa til hliðsjónar við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða þegar horft er til framtíðar með snjallvæna ferðamáta í huga.


Fundir með KFS starfshópum

Stýrihópurinn fundar reglulega með KFS starfshópum fag- og kjarnasviða borgarinnar. Í apríl ár hvert er boðað til fundar með starfshópunum þar sem sviðin kynna áætlanir sínar um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna KFS. Í lok árs er fundur þar sem starfshóparnir kynna afrakstur ársins á sínu sviði t.d. greiningar á þjónustupáttum og framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismata yfir árið.

Greining þjónustupátta

Á kjörtímabilinu hefur stýrihópurinn m.a. lagt áherslu á að fag- og kjarnasvið vinni greiningar á þjónustupáttum sínum út frá aðferðafræði KFS. Unnið hefur verið að greiningu þjónustupátta síðan árið 2012, en ágætur gangur hefur verið á greiningum á kjörtímabilinu. Sem dæmi má nefna að í upphafi kjörtímabils hafði velferðarsvið greint 44,5% af ráðstöfuðum fjármunum sviðsins en árið 2021 var þetta hlutfall komið í 75%. Á mynd 4 má sjá stöðu greininga á sviðum borgarinnar með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustupátta samkvæmt fjárhagsáætlunum fyrir árin 2017-2021.

⁷ https://reykjavik.is/sites/default/files/snjoll_og_jofn_birta_osk_tomasdottir_2021.pdf



Mynd 4. Greining þjónustubátta sem hlutfall af heildar fjármagni sviða skv. fjárhagsáætlunum 2017-2021.⁸

⁸ *Ákveðnir þættir innan þjónustubátta MOF hafa verið skoðaðir en ekki þjónustubættir í heild sinni.

Á döfinni

Unnið er að innleiðingu á tillögum stýrihóps um framtíðarskipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats. Gert er ráð fyrir að allar tillögurnar verði komnar til framkvæmdar þegar ný borgarstjórn kemur saman í haust.


Mikilvægt er að skipað verði að nýju í stýrihóp KFS um leið og borgarráð kemur saman að afloknum sveitastjórnarkosningum vorið 2022 og eitt af fyrstu verkefnum stýrihópsins á nýju kjörtímabili verði að setja fimm ára áætlun fyrir KFS verkefnið ásamt áherslum fyrir fjárhagsáætlun 2023.

Þá er mikilvægt að finna lausn á því hvernig er hægt að standa að jafnréttismati á stærri verkefnum, stefnum og framkvæmdum. Mælir fráfaramandi stýrihópur með því að nýr stýrihópur beiti sér fyrir því að stofnaðir verði verkefnahópar til að framkvæma jafnréttismat á Borgarlínu og Sundabraut svo fljótt sem auðið er. Einnig er mikilvægt að skoða hvernig forgangsröðun og verklag við snjómokstur hefur ólík áhrif á ólíka hópa fólks. Mikilvægt er að kynja- og jafnréttissjónarmið rati alla leið í útboðsskilmála næst þegar samið er um snjómokstur í borginni, en reynsla vetrarins sýnir að margt þarf að hafa í huga.

Það er von okkar að þessi samantekt komi að góðum notum fyrir nýskipaðan stýrihóp KFS og óskum við þeim góðs gengis á komandi kjörtímabili.

Reykjavík, 12. apríl 2022

f.h. stýrihópsins,



Líf Magneudóttir, formaður stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun

Viðauki 1. Gátlisti

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar
16. apríl 2020

Gátlisti fyrir jafnréttismat á útfærslu aðgerða Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19

Gátlistinn byggir á Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Hann á að hafa til hliðsjónar við útfærslur aðgerða til viðspyrnu vegna Covid-19 til að tryggja að kynja- og jafnréttissjónarmið séu hluti af þeim. Þegar búið er að útfæra tillögurnar eru þær jafnréttismetnar sbr. tillögu borgarstjóra, sem samþykkt var í borgarráði dags. 2. apríl 2020.

1. Hver er núverandi staða kynjanna og minnihlutahópa, svo sem innflytjenda, fatlaðs fólks, hinsegin fólks, ólíkra aldurshópa o.s.frv. á því sviði sem aðgerðin nær til?

Hér er gott að huga að tölulegum upplýsingum sem tengjast aðgerðinni ef þær eru til. Það er hægt að hafa samband við verkefnisstjóra kynjaðar fjárhags- og starfsáætlunar til að fá aðstoð við að finna þær. Netfang: freyja.barkardottir@reykjavik.is

Dæmi: Þegar fjöldi gesta Sundhallarinnar var skoðaður út frá kyni og aldri kom í ljós að karlar stunduðu Sundhöllina í mun meira mæli en konur og eldri aldurshópar meira en þeir yngri.

2. Mun staða kynjanna og minnihlutahópa breytast með aðgerðinni? Hvaða möguleg áhrif hefur hún á:
 - i. Konur?
 - ii. Karla?
 - iii. Innflytjendur?
 - iv. Hinsegin fólk?
 - v. Fatlað fólk?
 - vi. Ólíka aldurshópa?
3. Hefur verið farið í sambærilega aðgerð eða verkefni áður? Ef já hverjar voru afleiðingar hennar á:
 - i. Konur?
 - ii. Karla?
 - iii. Innflytjendur?
 - iv. Hinsegin fólk?
 - v. Fatlað fólk?
 - vi. Ólíka aldurshópa?

4. Hver er samsetning hópsins (eða þeirra hópa) sem kemur til með að vinna við aðgerðina?
Hvert er hlutfall:

- i. Kvenna?
- ii. Karla?
- iii. Innflytjenda?
- iv. Hinsegin fólk?
- v. Fatlaðs fólks?
- vi. Ólíkra aldurshópa?

Dæmi: Hlutfall karla sem starfa í byggingariðnaði er mun hærra en hlutfall kvenna. Einnig er hlutfall innflytjenda hátt í þeim geira. Ef aðgerðin væri bygging nýs leikskóla þá myndu fleiri karlar en konur vinna við það en hins vegar eru konur í miklum meirihluta þeirra sem starfa í leikskólum. Athugið að aðgerðir geta haft mismunandi áhrif á ólíka hópa á hverju stigi.

5. Hver er samsetning hópsins (eða þeirra hópa) sem koma til með að njóta góðs af aðgerðinni?
Hvert er hlutfall:

- i. Kvenna?
- ii. Karla?
- iii. Innflytjenda?
- iv. Hinsegin fólk?
- v. Fatlaðs fólks?
- vi. Ólíkra aldurshópa?

6. Hefur aðgerðin það í för með sér að til verði þjónusta sem greitt er fyrir? Getur það haft útlökandi áhrif fyrir ákveðna hópa? Svo sem:

- i. Konur
- ii. Karla
- iii. Innflytjendur
- iv. Fatlað fólk
- v. Hinsegin fólk
- vi. Ólíka aldurshópa

Til þess að meta áhrifin er mikilvægt að hafa vitneskju um almennan launamun þessara hópa, t.d. launamun kynjanna, launamun innflytjenda og þeirra sem eru af íslenskum uppruna sem og t.d. framfærslu öryrkja og aldraðra. Einnig geta upplýsingar um fjölda og bakgrunn þeirra sem nú eru atvinnulausir skipt máli. Það er hægt að hafa samband við verkefnisstjóra kynjaðar fjárhags- og starfsáætlunar til að fá aðstoð við þennan þátt.

7. Mun þessi aðgerð hafa afgerandi áhrif á ólaunuð heimilisstörf, eða það sem kallast hefur umönnunarhagkerfið?

Spurt er að þessu hér vegna þess að umönnunarhagkerfið hefur sterkan jafnréttisvinkil. Það eru oft viðkvæmustu hóparnir í samfélaginu sem bera mikinn þunga af ólaunuðum störfum og konur sinna þeim í mun meira mæli en karlmenn.

Dæmi: Þegar að hið opinbera tekur að sér að sinna veikum einstaklingum þá léttir á umönnunarhagkerfinu og ábyrgðin og sá tími sem fer í ólaunaða umönnunarvinnu minnkar. Þetta hefur mest áhrif á konur, sem bera hitann og þungann af umönnun, og gerir þeim kleift að sinna t.d. launuðum störfum í meiri mæli.

Tillaga stýrihóps

Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun leggur til að stofnaður verði starfshópur með það hlutverk að yfirfara og endurskipuleggja verklag og framkvæmd jafnréttisskímunar og jafnréttismats. Starfstímabil hópsins er þrjú mánuðir.

Greinargerð:

Framkvæmd jafnréttisskímunar og jafnréttismats er hluti af verklagi við kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð (KFS) sem Reykjavíkurborg hóf innleiðingu á árið 2011. KFS tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Skv. reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg (FMS-STE-001) sem samþykktar voru í borgarstjórn 1. desember 2015 skal fjárhagsáætlun byggja á aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar en einnig að ef nauðsynlegt þykir að gera breytingu á samþykktri áætlun (viðauka) þá skal slíkum viðauka fylgja jafnréttismat. Verklag við framkvæmd jafnréttismats innan borgarkerfisins og samkvæmt markmiðum um KFS hefur því verið í stöðugri þróun síðan árið 2015. Markmiðið er að tryggja að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð til hliðsjónar við skipulag allra verkefna, alltaf, og strax í upphafi hvers verkefnis, í samræmi við aðferðafræði kynjasambættingar. Um mitt ár 2018 var gefið út eyðublað vegna *jafnréttisskímunar* en markmið með jafnréttisskímun er að taka saman með einföldum hætti áhrif tiltekinnar tillögu á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa. Fáí tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif. Þá þótti of þyngjandi fyrir starfsfólk borgarinnar að vinna jafnréttismat á öllum tillögum og verkefnum en jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Því var ákveðið að fara þessi tvískiptu leið þar sem öll verkefni eða tillögur hljóti jafnréttisskímun en einungis þau sem talin eru hafa jafnréttisáhrif hljóti jafnréttismat.

Greinilegt er að til þess að skýra og skerpa á því verklagi sem fylgir gerð jafnréttisskímana- og jafnréttismats þarf samstarf þvert á borgarkerfið til þess að rýna verklagið og hlutverkaskiptingu með markmið verkefnisins til hliðsjónar. Í gildi eru ýmsar verklagsreglur sem kveða á um gerð jafnréttisskímana og jafnréttismats við vinnslu m.a. fjárfestingaráætlunar, skuldbindingar og áhættur vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar og viðauka við fjárhagsáætlun. Rýna þarf þetta verklag heildstætt til þess að verkefnið nái tilskildum markmiðum um að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar til þess að stuðla að auknu jafnrétti og betri nýtingu fjármuna.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats

Ábyrgðarmaður:

Líf Magneudóttir, formaður stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að yfirfara og endurskipuleggja verklag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats.

Helstu verkefni:

Verkefni hópsins eru m.a. að:

- Greina/rýna verklag við framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats.
- Skýra hlutverk jafnréttisskimana og jafnréttismats fyrir gerð fjárhagsáætlunar.
- Útfæra tillögur að framtíðarskipulagi og ábyrgð við framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismats.
- Gera tillögur að fyrirkomulagi að samræmdri miðlægni hýsingu gagna og skjala tengdum KFS
- Yfirfara og gera breytingar er við á, á sniðmáti og leiðbeiningum um framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats.

Starfshópurinn skipa:

- Verkefnastýra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem leiðir starf hópsins.
- Fulltrúi skrifstofu borgarstjórnar.
- Fulltrúi gagnaþjónustu þjónustu- og nýsköpunarsviðs
- Fulltrúi áætlana- og uppgjörsskrifstofu á fjármála- og áhættustýringarsviði
- Tveir fulltrúar af tveimur fagsviðum borgarinnar með reynslu af því að vinna jafnréttisskimanir.

Ráðgjöf/samstarf:

Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun, starfshópar fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun og aðrir eftir atvikum.

Til hliðsjónar:

Hópurinn skal hafa til hliðsjónar við starfs sitt eftirfarandi verklagsreglur, eyðublöð og leiðbeiningar sem eru í gildi og tengjast vinnslu jafnréttisskimunar og jafnréttismats.

- FMS-STE-001 Reglur um gerð fjárhagsáætlunar
- FMS-VLR-048 Fjárfestingaáætlun
- FMS-VLR-018 Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar
- FMS-LBE-156 Leiðbeiningar um gerð jafnréttismats
- FÁST-EBL-029 Jafnréttisskimun
- Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar
- Fjármálastefna Reykjavíkurborgar
- Annað eftir atvikum.

Starfstími hópsins:

Hópurinn skal kynna niðurstöður og tillögur sínar á fundi stýrihóps kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar þann 21. maí 2021.